

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

46. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 9 JANÚAR 2015

FUNDARGERÐ.

Mæting:

Ómar Baldursson, Birna D Granz, Guðrún S Berþórsdóttir, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Jón Óskar Gunnlaugsson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Andri Jóhannesson, Helgi Jónsson.

Forföll: Grétar B. Guðmundsson, Júlía Björk Þórðardóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Kjaraviðræður.
3. Málefni úr miðstjórn ASÍ.
4. Skipan í starfsgreinaráð rafiðna.
5. Fjölskylduhátíðarnefnd 2015.
6. Orlofshús í leigu 2015.
7. Boð á þing EI&IT
8. Árshátíðarstyrkur starfsmanna.
9. Beiðni um styrk til eflingar iðngreina.
10. Fundaráætlun miðstjórnar vorið 2015.
11. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar ssamþykkt án athugasemda.

2. Kjaraviðræður.

Formaður fór yfir stöðu kjaramála og sagði að enginn asi væri í gangi og nánast allt í biðstöðu. Það virðist vera, eins og allir væru að bíða eftir öllum. Hann sagði að landslagið væri breytt frá gerð síðastu samninga og víst að ekki verður haldið áfram þeirri velferð sem lagt var upp með þá. Eins væri þess ekki að vænta að gerður yrði langtímasamningur. Það er alltaf sami söngurinn „ekkert svigrúm er til launahækkana“ í mesta lagi 2-3%.

Ljóst er, samkvæmt könnunum að iðnaðarmenn hafa dregist afturúr í launum um ca 14% og eru mjög svo ósáttir við þá þróun og tilbúnir til átaka til að ná fram leiðréttingu á sínum launakjörum til jafns við aðra. En áður en farið er á stað, er

vilji til þess að sjá hvað aðrir hópar sem samið hafa að undanförunu hafa fengið miklar hækkanir á sínum launum.

Vonandi eru samningsmálin að þokast af stað. Búið er að óska eftir fundi með SART en ekki tekist að fá fundartíma enn sem komið er.

Viðræður eru í gangi við RUV, Norðurál, Alcoa og viðræður við Ísal eru að fara á stað.

Þá er meiningin að koma af stað fljótlega viðræðum á „almenna markaðnum“ eins að kalla saman samráðshóp RSÍ til skrafs og ráðagerða.

Rætt var hvort grundvöllur væri fyrir samstöðu meðal allra iðnaðarmanna að fara fram með sameiginlega kröfugerð. Því með samstilltu átaki og stærri hóp næðist betri árangur.

Umræður urðu um hugmyndina en engar ákvarðanir teknar.

Lagt var fram til kynningar kostnaðarmat nokkurra kjarasamninga þar sem tekin var saman áætluð kostnaðaráhrif nokkurra kjarasamninga sem gerðir hafa verið frá 21. desember 2013.

Einnig var lagt fram minnisblað um eftirfylgni með breytingum á virðisaukaskatti og vörugjöldum þann 1 janúar 2015.

Hækkun verður á neðra þrepi virðisaukaskatts úr 7% í 11% og lækkun á almennu þrepi virðisaukaskatts úr 25,5% í 24%. Þá verða afmáð vörugjöld m.a. af sykri og sætum matvörum.

Ákveðið hefur verið hjá ASÍ að auka eftirlit með að þessar breytingar nái fram að ganga.

3. Málafni úr miðstjórn ASÍ.

Erindi barst til miðstjórnar ASÍ, þar sem beðið var um tilnefningar í starfsgreinaráð matvælaíðnaðarins. Forsetatrío ASÍ tók ákvörðun án samráðs við hagsmunaaðila, svo sem fulltrúa MATVÍS, að skipa 3 menn í ráðið. 1 frá Starfsgreinasambandinu, 1 frá Matvís og 1 frá VR.

Þessari geðþóttaákvörðun var harðlega mótmælt og sagt að ekki væri viðeigandi að gera svona róttækar breytingar án samráðs.

4. Skipun í starfsgreinaráð rafiðna.

Tillaga miðstjórnar RSÍ um skipan aðal-og varamanna RSÍ í starfsgreinaráðs rafiðnaðarins er eftirfarandi:

Aðalmenn:

Svanborg Hilmarsdóttir (rafvirkjun)

Bjarni Þór Ólafsson (Símsmíði)

Jón Ingi Skúlason (Rafveituvirkjun)

Varamenn:
Þórunn S Jónsdóttir (Rafeindavirkjun)
Jakob Tryggvason (tæknimenn)
Stefán Sveinsson (rafvirkun)

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Fjölskylduhátíð 2015.

Samþykkt að nefndin frá síðasta ári yrði endurkjörin til að sjá um fjölskylduhátíðina árið 2015.

Hana skipuðu:

Einar Ág Kristinsson, Hafliði Síversen, Bára Halldórsdóttir, Jakob Tryggvason
Guðrún Bergþórsdóttir.

Hátíðin verður haldin dagana 19-21 júní, og að venju á Apavatni.

Undirbúningsvinna mun hefjast fljótlega.

100 ára afmæli FÍS verur haldið 27 febrúar n.k. Undirbúningur í gangi.

6. Orlofshús í leigu 2015-2016.

Nokkur hús eru í boði til leigu á þessu og næsta ári. Það eru Klapparholt tilbúið til leigu 1 júní í 1 ár. Stykkishólmur frá 1 júní í 1 ár, Súðavík í 3 mánuði, Vestmannaeyjar í 3 mánuði, Kaupmannahöfn frá 1 september í 1 ár Klifabotn- Illugastaðir skipti sumarið 2015.

Samþykkt að vísa málinu til orlofsnefndar sem metur kosti og galla þessara húsa. Þau, eða það hús sem vilji er að leiga þurfa að vera klár um næstu mánaðarmót þ.e. jan/febrúar

Eftir síðasta þing ákvað orlofsnefnd að hvetja til þess að bæta aðgengi fatlaðra að orlofshúsum RSÍ og vísaði því til miðstjórnar til úrlausnar. Var sérstaklega rætt um húsið sem við leigjum í Stykkishólmi en það er einstaklega óheppilegt fyrir fatlaða sökum þess að húsið er á tveimur hæðum og mjög erfiður hringstigi er á milli hæða.

Ekki hefur verið gert nægilega mikið í þessum málum og ítrekað var, að nú yrði að spýta í lófana og láta þessa tillögu ná fram að ganga.

Úrbætur hafa þó verið gerðar á Skógarnesi en hús nr. 7 er nú orðið aðgengilegt fyrir fatlaða.

Umræður urðu enn og aftur hvort leyfa ætti dýrahald í einhverjum af orlofshúsunum RSÍ.

Samþykkt að veita orlofsnefnd heimild til að skoða með að taka á leigu 1 hús þar sem dýrahald yrði leyft.

7. Boð á þing EL&IT.

Norska sambandið EL&IT heldur sitt þing dagana 9-12 mars n.k. Boð hefur borist um að senda 3 fulltrúa á þingið. Formanni falið að velja menn til fararinnar.

8. Árshátíðarstyrkur starfsmanna.

Sú hefð hefur skapast hjá starfsfólki RSÍ, að farin hefur verið árshátíðarferð annað hvert ár sem er ígildi árshátíðar starfsmanna.

RSÍ hefur veitt styrk vegna slíkra ferða með framlagi fyrir hvern starfsmann.

Samþykkt að það verði eins í ár.

9. Beiðni um styrk til eflingar iðngreina.

Erindi hefur borist frá Lífsmynd/Ara Trausta Guðmundssyni og Valdimar Leifssyni þar sem farið er framá styrk vegna gerðar 6 þáttaraða um iðnnám á Íslandi. Hver þáttaröð verður ca 27 mínútur að lengd.

Tilgangurinn er að kynna iðnnám, varpa ljósi á gæði og fjölbreytni þess og reyna að laða ungt fólk að náminu.

Áhugi er að styrkja þetta verkefni en við viljum sjá fleiri rafiðngreinar í pottinum sem á að kynna.

Samkv. plani þeirra félaga þá á aðeins að fjalla um eina grein í rafiðnaði þ.e.a.s. rafeindavirkjun.

Samþykkt að veita 2,2 milljónum króna í þetta verkefni ef við fáum 3 iðngreinar til kynningar, rafvirkjun og einhverja aðra s.s. símsmíði. Að öðrum kosti styrkjum við verkefnið hlutfallslega eftir fjölda rafiðngreina.

10. Fundaráætlun miðstjórnar vorið 2015

47. fundur 6 febrúar 2015.

48. fundur 6 mars 21015.

49. fundur 27 mars 2015

50. fundur 17 apríl 2015.

Dagana 7-9 maí 2015 verður þing RSÍ haldið að Grand hótél Reykjavík.

11. Önnur mál.

Heimasíða RSÍ er komin til ára sinna og þörf á uppfærslu. Samþykkt að ráðast í það verkefni sem fyrst að uppfæra síðuna. 3 ár eru síðan hún var uppfærð síðast.

Íslandspóstur hefur samþykkt að leigja Stórhöfða 29 til næstu 10 ára.

Lækkun verður á húsaleigu um 3,7% .

Í staðinn fáum við til afnota millibygginguna milli Stórhöfða 29 og 31.

Samningurinn er uppsegjanlegur eftir 5 ár af beggja hálfu.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.15

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.